

FAGRADALSÁ Á SKARÐSSTRÖND
RANNSÖKNIR 1987-1988

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, maí 1989

VMST-V/89015X



VEIDIMÁLASTOFNUN - VESTURLANDSDEILD
Kveldúlfsgötu 2A, 310 Borgarnesi.

FAGRADALSÁ A SKARDSSTRÖND

RANNSÖKNIR 1987-1988.

1. INNGANGUR.

Hér verður greint frá niðurstöðum athugana sem fram fóru í Fagradalsá 1987 og 1988. Tildrög þessara rannsókna eru þau að árið 1986 fór fram úttekt á skilyrðum til fiskræktar í Fagradalsá að beiðni landeigenda (Sigurður Már Einarsson 1986). Helstu niðurstöður þeirra rannsókna voru þær að skynsamlegasta leiðin fælist í sleppingum sumaralinnna laxaseiða á ófiskgenga hlutann í Seljadalsá, Geitadalsá og Fagradalsá. Þessari áætlun var fylgt og var strax sumarið 1986 sleppt samkvæmt þessum niðurstöðum og einnig hefur verið sleppt á þessi svæði 1987 og 1988. Árin 1987 og 1988 fóru síðan athuganir fram á afkomu sleppiseiðanna á ófiskgengu hlutunum. Vísað er til fyrri skýrslu hvað staðhætti og rannsóknaraðferðir varðar.

2. NIÐURSTÖÐUR.

Árið 1987 þann 18. ágúst var veitt á einum stað í Seljadalsá rétt ofan við ármótin og þann 8. ágúst 1988 var veitt í Geitadalsá og Seljadalsá auk þess sem veitt var á fiskgenga hlutanum fyrir neðan foss í Fagradalsá.

TAFLA 1

Þéttleiki laxaseiða (fjöldi í einni yfirferð á 100 m²)
á veiðistöðum í Fagradalsá 1987 - 1988.

| ÁR | VEIÐISTADUR | FJÖLDI LAX | | | | ALLS |
|------|-------------|------------|------|-----|-----|------|
| | | 0+ | 1+ | 2+ | 3+ | |
| 1987 | Seljadalsá | - | 6,7 | - | - | 6,7 |
| 1988 | Seljadalsá | 2,8 | 0,9 | - | - | 3,7 |
| 1988 | Geitadalsá | 3,5 | 10,4 | 0,9 | - | 14,8 |
| 1988 | Fagradalsá* | - | 5,8 | 1,3 | 0,3 | 7,4 |

* fiskgengur hluti

TAFLA 2

Meðallengdir (sm) laxaseiða í Fagradalsá 1987 - 1988.

| AR | VEIÐISTADUR | MEDALLENGD SM | | | |
|------|-------------|---------------|------|------|----|
| | | 0+ | 1+ | 2+ | 3+ |
| 1987 | Seljadalsá | - | 12,2 | - | - |
| 1988 | Seljadalsá | 6,7 | - | - | - |
| 1988 | Geitadalsá | 6,5 | 9,1 | 11,1 | - |
| 1988 | Fagradalsá* | - | 5,2 | 8,6 | - |

*Fiskgengur hluti

Niðurstöður sýna að sleppiseiðin hafa dafnað mjög vel á ófiskgengu hlutunum. Vöxtur virðist bestur í Seljadalsá en einnig hafa seiðin vaxið vel í Geitadalsánni. Seiðin þurfa um 2 ár í ánni áður en þau ná göngustærð og sleppingin 1986 hefur því gengið að mestu leyti til sjávar vorið 1988. Sumarið 1989 er því fyrsti möguleikinn á að fiskur skili sér úr sleppingunni 1986. Því ætti að vera von á nokkrum tugum laxa í Fagradalsá í sumar ef afföll hafa verið með eðlilegum hætti. Þannig er algengt að um 1% endurheimtur verði af sleppingum sumaralinnna laxaseiða. Nauðsynlegt er að taka hreistursýni af lögum í sumar til að sannreyna uppruna fiska sem veiðast í sumar.

Einnig er mælt með að lax verði tekinn í klak í sumar úr stangveiði ef þess er nokkur kostur því erfitt er að draga á með netum í Fagradalsá.

MYND 1:

Lengdardreifing og aldur laxaseiða í rafveiði í Fagradalsá
1987 - 1988.

